

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
10. júní 2011 10.5.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. júní 2011
Tilvísun: UST20110600032/bs

Matsskylda - Lenging Skarfabakka í Sundahöfn, Reykjavík. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að lengja Skarfabakka til austurs um 200 m. Efnisþörf er talin vera um 210.000 m³. Efni sem fellur til við dýpkun við Skarfabakka sem og efni úr aflögðum hafnarmannvirkjum verður nýtt eins og kostur er. Annað efni verður sótt í námur í Faxaflóa. Dýpkunarefni sem nýtist ekki verður losað á samþykktu losunarsvæði að gefnu leyfi Umhverfisstofnunar. Hafsbotni á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði hefur áður verið raskað við dýpkunarframkvæmdir.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Ólafur A. Jónsson
Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri